



Fundargerð

425. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 11:00 miðvikudaginn 17. október 2018. Þetta er 10. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 6 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista boðar forföll, í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista. Arndís J. Harðardóttir Z-lista boðar forföll og í hennar stað er Gústaf B. Pálsson 2. varamaður Z-lista. Bjarki Guðnason, varaoddviti boðar forföll, í hans stað er mættur Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

11. 1606015 Samningur við Hrafnshól ehf. um lagningu ljósleiðara frá Úthlíð að Hrífunesi.
12. 1810012 Beiðni um styrk til skemmtiferðar 2019, félag eldri borgara dags. 11.10.2018
13. 1603015 Þekkingarsetur í húsnæði Kirkjubæjarskóla, Kirkjubæjarstofa, dags.16.10.2018
14. 1603022 Ályktun til stýrihóps byggðaáætlunar

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Sveitarstjóri átti fund með starfsmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt fulltrúum frá Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra vegna gildandi svæðisáætlunar fyrir byggðasamlagið Hulu. Rætt var um uppfærslu svæðisáætlunarinnar og næstu skref. Undirbúningur vegna fjárhagsáætlunar hefur verið í fullum gangi í september. Sveitarstjóri og oddviti mættu á Skipulagsdaginn sem Skipulagsstofnun stendur fyrir árlega þann 20. september sl. ásamt því að eiga fund með Ingólfi Bruun vegna ljósleiðaraverkefna sem framundan eru. Sveitarstjóri og oddviti áttu fund með landeigendum Klausturjarðarinnar í lok september og er næsti fundur áætlaður fljótlega. Fulltrúar frá heimsmínjaskrá UNESCO heimsóttu Skaftárhrepp ásamt fulltrúum stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs í haust og buðu til opins upplýsingarfundar um stöðu umsóknarinnar. Sveitarstjóri fór á aðalfund Hulu bs. 24. september sl. Stjórnarfundur var haldinn hjá Bergrisanum bs. á Selfossi. Sveitarstjóri, oddviti og varaoddviti sóttu Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri dagana 24.-26. september sl. Ársfundur Kirkjubæjarstofu var haldinn í byrjun október þar sem flutt voru áhugaverð erindi í tengslum við framhald verkefnis Skaftárhreppur til framtíðar og var haldinn verkefnisstjórnarfundur í framhaldinu. Ársfundur jöfnunarsjóðs var 10. október og Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna fór fram 11. og 12. október. Aðalfundur samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum var haldinn í kjölfar fjármálaráðstefnunnar og var sveitarstjóri Skaftárhrepps kjörinn formaður samtakanna. Framundan er ársþing SASS. Oddviti hefur átt tvo fundi með stjórn Kötlu jarðvangsins í september. Oddviti hefur átt þrjá stjórnarfundum með SASS og einn fund með Kirkjubæjarstofu. Stjórnarfundur var haldinn í Náttúrustofu Suðausturlands á Höfn sl. mánudag. Jóna Björk Jónsdóttir var á Kötlu ráðstefnunni sem var haldinn í Vik. Ráðstefnan var mjög vel skipulögð í alla staði.

Handwritten signatures in blue ink:
S.B.P.
R.G.
J.H.
K.B.
O.G.



Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 140. fundar skipulagsnefndar, dags. 08.10.2018

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu tveggja liða og vikur af fundi. Sveinn H. Jensson 3. varamaður D-lista kemur inn í hennar stað. Sveitarstjóri tekur við stjórn fundarins.

1. 1805002 Breyting á aðalskipulagi í landi Efri-Víkur og Hrífuness

Lögð fram tillaga að breytingu á skipulagsuppdrætti og greinargerð í samræmi skipulagslög nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu þar sem gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði í landi Efri-Víkur og stækkun verslunar- og þjónustusvæðis (V2) við Hrífunes. *Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn óskar eftir að breytingu á aðalskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði í landi Efri-Víkur verði frestað og rætt í samhengi við endurskoðun aðalskipulags og vísar málinu aftur til skipulagsnefndar til umræðu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stækkun verslunar- og þjónustusvæðis (V2) við Hrífunes og felur skipulagsfulltrúa endurskoðun aðalskipulagstillögunnar með tilliti til þessara breytinga ásamt því að auglýsa hana í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 1703008 Breyting á deiliskipulagi í Efri-Vík

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Efri-Víkur. Sauðagata 12 og Selhólavegi 9 er breytt úr frístundabyggð í verslun og þjónustu. Bætt er við greinargerð deiliskipulagsins kafla 7.3 Verslun og þjónusta. Inni á hvorri lóð er ein bygging og ekki er gerð breyting á hámarksstærð bygginga innan lóðar.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

Sveitarstjórn hafnar því að umrætt deiliskipulag fari í auglýsingu í samræmi við afgreiðslu sveitarstjórnar á lið nr. 1 í 140. fundargerð skipulagsnefndar.

Eva Björk kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans. Katrín vikur af fundi og Sveinn tekur hennar sæti á meðan.

3. 1807004 Breyting á deiliskipulagi í Hrífunesi

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Hrífunesi í Skaftártungu landnr. 163371. Breytingin felur í sér að stækka skipulagsreit V2 fyrir verslun og þjónustu þannig að göturnar Stóratörfa og Mástorfa falli inni reitinn.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Katrín kemur aftur til fundarins og Sveinn vikur af fundi.

4. 1704007 Deiliskipulag Ásar.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til 10.000 m² landspildu úr landi Ása. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir gestahús.



Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. 1804001 Deiliskipulag Laufskálavörðu.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi Laufskálavörðu sem nær yfir um 5,1 ha svæði. Innan svæðisins á að byggja upp áningarstað með ómönnuðu þjónustuhúsi og bílastæðum í landi Skálmabæjar. Markmið deiliskipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Jóna Björk Jónsdóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi vegna næsta dagskrárliðar.

7. 1810001 Skilgreining iðnaðarsvæðis í Skaftárdal.

Að skilgreint verði í Aðalskipulagi Skaftárhrepps iðnaðarsvæði fyrir virkjun í landi Skaftárdals.

Skipulagsnefnd vísar málinu til endurskoðunar á aðalskipulagi Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Jóna Björk Jónsdóttir kemur aftur til fundarins.

9. 1807016 Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps.

Umræða og yfirferð yfir hvaða hluta aðalskipulagsins væri æskilegt að endurskoða.

Skipulagsnefnd óskar eftir því að sveitarstjórn tilnefni fimm fulltrúa til setu í stýrihópi ásamt skipulagsfulltrúa til að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um skipun stýrihóps en frestar tilnefningu fulltrúa að sinni.

10. Framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara frá Prestsbakka að Fossi á Síðu.

Sveitarstjóri Skaftárhrepps fh. Orkufjarskipta sækir um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnlagnar og heimtauga ljósleiðara frá Prestsbakka að Fossi á Síðu. Leyfi landeigenda, Vegagerðar og Fiskistofu liggja fyrir ásamt umsögn frá Minjastofnun.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu leyfisins og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. 1604031 Fundargerð 1. fundar félagsmálanefndar, dags. 16.07.2018

3. Reglur félagsmálanefndar um framsal valds

Reglurnar eru kynntar og bornar upp til samþykkis.

Félagsmálanefnd fer yfir reglur og leggur til að bætt verði við þær ákvæði um trúnaðaryfirlýsingu og að nefndarmenn/starfsmenn veiti heimild til að kallað verði eftir sakavottorði. Félagsmálanefnd mun samþykkja og skrifa undir reglur á næsta fund.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.



4. Reglur félagsmálanefndar um verkefni starfsmanna félagsþjónustunnar kynntar og lagðar til samþykkis.

Félagsmálanefnd samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

3 1604031 Fundardagerð 33. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu R- og V-Skaft.
17.07.2018

4. Starfsmannamál félagsþjónustunnar

Helga Lind fer yfir starfsmannamál félagsþjónustunnar og framtíðarsýn miðað við starfsemina framundana mánuði. Mat félagsmálastjóra er að þörf sé á 0,8% aukningu við núverandi stöðugildi fyrir félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að bætti verði við 80% starfshlutfalli við félagsþjónustuna.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1809013 Fundargerð 71. fundar íþróttá- og tómstundaneftardar, dags. 16.09.2018

2. Fjárhagsáætlun:

Málinu vísað til umræðu um fjárhagsáætlun 2019.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1801004 Tilnefningar fulltrúa á aðalfund SASS

Sveitarstjórn tilnefnir Evu Björk Harðardóttur, Katrínu Gunnarsdóttur og Söndru Brá Jóhannsdóttur sem aðalmenn á aðalfund SASS. Varamenn eru Bjarki Guðnason, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Arndís Harðardóttir.

2. 1801005 Tilnefningar fulltrúa á aðalfund HES

Sveitarstjórn tilnefnir Evu Björk Harðardóttur, Katrínu Gunnarsdóttur og Söndru Brá Jóhannsdóttur sem aðalmenn á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Varamenn eru Bjarki Guðnason, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Arndís Harðardóttir.

3. 1810007 Fjárhagsáætlun 2019-2022 – fyrri umræða

Sveitarstjóri fer yfir greinargerð fyrri umræðu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða til íbúafundar í nóvember þar sem íbúum gefst kostur á að koma með innlegg og tillögur um verkefni næsta árs. Fjárhagsáætlun 2019-2022 vísað í síðari umræðu.

4. 1610020 Skerjavellir 1

Eitt tilboð barst í fasteignina að Skerjavöllum 1 að upphæð 23.000.000,-. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir kauptilboðið og veitir Söndru Brá Jóhannsdóttur kt. 240179-2969 sveitarstjóra fullt og ótakmarkað umboð til að samþykkja fyrir hönd Skaftárhrepps að undirrita kauptilboð, kaupsamning, íbúðabréf og afsal, svo og öll önnur nauðsynleg skjöl er varða sölu fasteignarinnar að Skerjavöllum 1 á Kirkjubæjarklaustri.

5. 1710010 Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2018

Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að viðauka 3 við fjárhagsáætlun 2018; 1 millj. kr verði fært á lið 31341-4990 vegna borunar eftir vatni við félagsheimilið Tungusel og uppsetningu á vatnsdælu. Tillaga er um að færa fjármagnið af lið 3110-4990.

Útvarstekjur 0010 hækka um 37 millj. vegna eftirálagningar staðgreiðslu 2018. Rekstrarútgöld verða óbreytt.



Rekstrartekjur A-hluta aukast um 37 millj. og hækkar handbært fé samsvarandi.

6. 1810008 Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs
Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlu úrgangs ber sveitarstjórnnum setja sér svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir viðkomandi svæði sem gildir til 12 ára. Unnin var slík áætlun sem gildir fyrir starfssvæði byggðasamlagsins Hulu frá 2008-2020. Áætlunin hvað varðar Skaftárhrepp er orðin úrelt vegna breytinga á meðhöndlun úrgangs á síðustu árum og því brýn þörf á að endurskoða hana frá grunni. Sveitarstjórn vísar málinu til umhverfis- og náttúruverndarnefndar.

7. 1703006 Tilnefning fulltrúa á málþing um ungt fólk og umferðaröryggi. Ungmennaráð Grindavíkur, dags. 20.09.2018
Sveitarstjórn felur formanni íþróttá- og tómstundanefnd að finna fulltrúa til setu á þinginu.

Jóna Björk Jónsdóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi.

8. 1810009 Girðingamál
Fyrir fundinum liggja erindi frá Rannveigu Ólafsdóttur, Guðmundi F. Markússyni og Jónu Björk Jónsdóttur í Mörtungu dags. 08.10.2018 ásamt erindi frá Aðalbjörgu Jónsdóttur fh. eigenda Skaftárdals dags. 04.10.2018. Erindin snúa bæði að viðhaldi afréttargirðinga og á jörðinni Á sem er í eigu Skaftárhrepps. Erindunum vísað til síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2019.

Jóna Björk kemur aftur til fundarins.

9. 1810010 Beiðni um samþykki vegna Evrópsku vímuefnarannsóknarinnar ESPA, Menntamálastofnun, dags. 05.10.2018.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemd við að haft verði samband við Kirkjubæjarskóla varðandi þátttöku í rannsókninni og felur sveitarstjóra að undirrita heimildina fyrir sína hönd.

10. 1810011 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Steinkápu ehf. um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II frístundahús, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 10.09.2018.
Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur byggingarfulltrúa að skoða málið með umsækjendum.

11. 1606015 Samningur við Hrafnshól ehf. um lagningu ljósleiðara frá Úthlíð að Hrífunesi.
Sveitarstjórn staðfestir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir sína hönd.

12. 1810012 Beiðni um styrk til skemmtiferðar 2019, félag eldri borgara dags. 11.10.2018
Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til umræðu um fjárhagsáætlun 2019.

13. 1603015 Þekkingarsetur í húsnæði Kirkjubæjarskóla, Kirkjubæjarstofa, dags. 16.10.2018
Sveitarstjórn þakkar erindið og samþykkir að sett verði á fót verkefnisstjórn. Tilnefningu fulltrúa í verkefnisstjórn frestað að sinni.

14. 1603022 Ályktun til stýrihóps byggðaáætlunar
Fyrir fundinum liggja drög frá verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar að ályktun til stýrihóps byggðaáætlunar um stöðu verkefna í Skaftárhreppi. Sveitarstjórn samþykkir að

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'GEP', 'MH', and 'XG'.



Ályktun verði send til stýrihópsins. Sveitarstjóra og oddvita falið að útfæra ályktunina í samvinnu við verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 58. fundar félagsmálanefndar, dags. 18.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 59. fundar félagsmálanefndar, dags. 18.09.2018. *Fundargerð kynnt.*
3. 1809005 Fundargerð 81. fundar menningarmálanefndar, dags. 27.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
4. 1809004 Fundargerð 120. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 05.09.2018. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð 190. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 26.09.2018. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð aðalfundar Hulu bs., dags. 24.09.2018. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð stjórnarfundar Hulu bs., 24.09.2018. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð 2. fundar stjórnar Bergrisans bs., dags. 21.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
9. Fundargerð 3. fundar stjórnar Bergrisans bs., dags. 24.09.2018. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni


1. 1806003 Afrit af erindi og gögnum frá Hrfi til Forsætisráðuneytisins vegna íslenskra hraunhella, dags. 04.09.2018. *Kynnt.*
2. Ársskýrsla og ársreikningur Fræðslunets Suðurlands 2017. *Kynnt.*
3. Tillögur starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, dags. 22.08.2018. *Kynnt.*
4. Tilraunaverkefni um uppbyggingu í húsnæðismálum, Íbúðalánasjóður, dags. 11.09.2018. *Kynnt.*
5. Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, Félagsráðgjafafélag Íslands, dags. 07.09.2018. *Kynnt.*
6. Stjórnendaskýrsla, CreditInfo, dags. 30.09.2018. *Kynnt.*
7. 1809001 Erindi frá Skaftárhreppi vegna afleiðinga skýstróks í Norðurhjáleigu í Álftaveri, Forsætisráðuneytið, dags. 26.09.2018. *Kynnt.*
8. 1809001 Svar við erindi vegna afleiðinga skýstróks í Norðurhjáleigu í Álftaveri, Náttúruhamfaratrygging Íslands, dags. 21.09.2018. *Kynnt.*
9. Samskipti Orkustofnunar og leyfishafa vegna hreinsunar úr farvegi Skaftár. *Kynnt.*


Fundargerð lesin upp og samþykkt

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 8. nóvember


Fundi slitið kl. 14:09


Eya Björk Harðardóttir


Katrín Gunnarsdóttir


Jóna Björk Jónsdóttir


Jón Hrafn Karlsson


Gústaf B. Pálsson